

# Kennsluáætlun ÍSAT 2. stig

Þessi kennsluáætlun er miðuð við stig 2 skv. hæfniviðmiðum aðalnámskrár í ÍSAT sem gefin voru út 2022. Það er sambærilegt við þrep B1 í samevrópska tungumálarammanum (ET).

Hér eru nemendur orðnir nokkuð færir í munnlegri tjáningu og hafa daglegan orðaforða nokkurn veginn á valdi sínu. Mikil orðaforðasöfnun á sér stað á þessu stigi og málfræðinotkun eflist samhliða. Kröfur um hæfni í rituðu máli aukast og áhersla er lögð á námsorðaforða eftir því sem kostur er. Nemendur fylgja aðlöguðum námsáætlunum í öllum bóklegum greinum.

Viðmið við lok B1 skv. samevrópska tungumálarammanum eru:

*Ég skil aðalatriði venjulegs talmáls um efni sem ég þekki og tengjast vinnu minni, skóla, frístundum o.fl. Ég get skilið í grófum dráttum aðalatriði í mörgum útvarps- og sjónvarpsþáttum um málefni líðandi stundar eða efni sem tengjast mér persónulega eða faglega þegar talað er tiltölulega hægt og skýrt. Ég get lesið texta sem innihalda aðallega algeng orð úr daglegu lífi eða orðaforða sem tengist atvinnu minni. Ég skil lýsingar á atburðum, tilfinningum og óskum í persónulegum bréfum.*

*Ég get tekist á við flestar aðstæður sem geta komið upp á ferðalagi um svæði þar sem málið er talað. Ég get óundirbúin(n) tekið flátt í samræðum um efni sem ég þekki, hef áhuga á eða tengjast daglegu lífi (t.d. fjölskyldu, áhugamálum, starfi, ferðalögum og málefnum líðandi stundar.) Ég get tengt saman orða-sambönd á einfaldan hátt til þess að lýsa reynslu og atburðum, draumum mínum, væntingum og framtíðaráformum. Ég get rökstutt stuttlega og útskýrt ákvarðanir mínar og fyrirætlanir. Ég get sagt sögu eða sagt frá söguþræði í bók eða kvikmynd og lýst viðbrögðum mínum.*

*Ég get skrifað einfaldan samfelldan texta um efni sem ég þekki eða hef áhuga á. Ég get skrifað bréf sem lýsa reynslu og hughrifum.*

Mánuður	Helstu markmið	Verkefni og viðfang	Kennsluefni – aðföng	Mat - hæfnimat
Ágúst	Stöðumat, upprifjun á fyrra námi. Áætlanir gerðar um íslenskukennslu og hvar nemandinn fylgir námsefni bekkjar.	Stöðumat (getur verið munnlegt eða skv. ET)	<i>T.d. Passi evrópska tungumálarammans. Íslenska fyrir alla 3</i>	Allir efnisþættir eru metnir jafnt og þétt. Skráð í hæfnikort á Mentor.

# Kennsluáætlun ÍSAT 2. stig

September	Að skilja aðalatriði venjulegs talmáls um efni sem ég þekki og tengjast vinnu minni, skóla, frístundum o.fl.	Daglegt líf unglings. Orðaforði sem tengist útvist, afþreyingu, gistingu, leiðarlýsingum o.fl.  Upprifjun á beygingu lýsingarorða og sagnorða.	Léttlestrarbækur með verkefnum: Fyrri hluti bókarinnar <a href="#">Lyginni líkast.</a>	
Október		Daglegt líf unglings. Tilfinningar og líðan, orðatiltæki tengd útvist.  Áfram unnið með beygingu sagnorða og kennimyndir.	Léttlestrarbækur með verkefnum: Seinni hluti bókarinnar <a href="#">Lyginni líkast.</a>  E.t.v. kafli 2 í Íslenska fyrir alla 4. Ferðalög.	
Nóvember		Daglegt líf unglings. Matur, föt, tónlist, framtíðarstörf.  Málfræði: Samsett orð, y, orðhlutar. Kennimyndir sagna, hljóðbreytingar	Léttlestrarbækur með verkefnum: Fyrri hluti bókarinnar <a href="#">Hauslausí húsvörðurinn.</a>	
Desember		Veðrið, þjóðsögur, draugasögur, björgunarsveitir.	Léttlestrarbækur með verkefnum: Seinni hluti bókarinnar <a href="#">Hauslausí húsvörðurinn.</a>	
Janúar		Skóli og menntun. Undirbúningur fyrir val á framhaldsskóla.	Verkefni í samvinnu við námskráðgjafa skólans.  Íslenska fyrir alla 4, 3. kafli.	

# Kennsluáætlun ÍSAT 2. stig

Febrúar		Fjölmiðlar, samfélagsmiðlar og sjónvarp.	Íslenska fyrir alla 4, kafli 5. Fjölmiðlar og fréttir.  Fréttavefir RÚV, Mbl og Vísis.	Sjálfsmat og kennaramat í lok hvers kafla.
Mars		Atvinnumál	Íslenska fyrir alla 3, kafli 7. Íslenska fyrir alla 4, kaflar 6 og 7.	Sjálfsmat og kennaramat í lok hvers kafla.
Apríl		Unnið með þá þætti sem vantar upp á.		
maí		Upprifjun og mat.		